

Endurskoðun á deililskipulagstillögu fyrir Hauganes

Samantekt á breytingum gerðum á fundi umhverfissráðs þann 19. júlí 2021, eftir kynningar- og íbúafund í Árskógi.

1. Austursvæði / Bakkarnir

Fella út verbúðarlóðir á austursvæðinu.

Endurskoða stærð lóðar undir dælustöð.

Skilgreina akfæra gönguleið/flóttaleið í gegnum svæðið til norðurs.

Bílastæði milli Aðalgötu 4 og 6 óbreytt.

2. Aðkoma að Mólandi milli Aðalgötu 1 og 3. Stækka lóð Aðalgötu 3 þannig að bílastæði rúmist innan lóðar sunnan við. Tryggð verði einföld aðkoma að Mólandi.

3. Akstur um göngustíga verði eingöngu heimill fyrir forgangsakstur og þjónustu.

4. Verbúðir við Sandvík.

Fækka göngustígum, taka út stíga vestan og sunnan við Sandvík (ofan verbúða).

Fella út nyrstu verbúðarlóðina.

Skilgreina útlitskröfur fyrir verbúðirnar, þannig að útlit taki mið af aðliggjandi byggð.

5. Lóðir fyrir íbúðabyggð.

Við endurskoðun aðalskipulags verður tekin afstaða til stækkunar íbúðarsvæðis á Hauganesi.



6. Gamli Hauganesvegurinn verði skilgreindur sem hjólastígur.

7. Tjaldsvæði.

Stækka tjaldsvæði um túnið vestan við núverandi tjaldsvæði, ca. 5 ha.



Færa og stækka byggingarreit fyrir þjónustuhús við norðurmörk tjaldsvæðis vestan við bílastæði og gefa auk þess möguleika á smáhýsabyggð innan sama byggingarreits.

8. Pottasvæði í Sandvík

Stækka byggingarreit umhverfis pottasvæði til norðurs að bakkanum og auka við byggingamagn.

Endurskoðuð deiliskipulagstillaga fer til umfjöllunar og afgreiðslu í umhverfisráði, byggðarráði og í auglýsingu í kjölfarið. Á sex vikna auglýsingatíma gefst íbúum og öðrum hagsmunaaðilum færi á að koma inn athugasemdum og ábendingum.